

og síðast við hverja þriðju. Allir urðu stórfegnir, þegar „lofgjörðunum“ var loksins lokið, og presturinn, um leið og hann andvarpaði, lokaði bókinni og hvarf á bak við millipilið.

Síðasti þátturinn var nú að eins eftir. Presturinn sneri sér að borði, er þar stóð, tók upp stóran róðukross og gekk með hann fram í miðja kyrkjuna.

Fyrstur gekk umsjónarmaðurinn fram, laut krossinum og kyssti hann. Næstir honum komu dýflissuverðirnir og síðast bandingjarnir, stjaki og brígslandi hverir öðrum í hálfum hljóðum. Presturinn þrýsti nú hönd sinni og krossinum ýmist á munn þeim eða nasir, þar sem þeir tróðust hver um annan um, að geta snert hvorttveggja með vörunum. Því hann tók nú ógjörla eftir, hvað gjörðist, af því hann var farinn að ræða við umsjónarmanninn.

Þannig lyktaði þá þessari kristnu guðsþjónustu, er ætluð var til huggunar og leiðréttingar þessum afvegaleiddu bræðrum.

40. KAP.

HÝÐI TRÚARBRAGÐANNA.

Og engir þeirra, er þarna voru viðstaddir, virtist hafa hina minnstu meðvitund um það, að sá Jesús, sem presturinn svo margoft ákallaði og lofaði svo óallátanlega með öllum þessum glamuryrðum, hefði fyrirboðið einmitt þá hluti, er þarna voru framdir; að hann ekki eingöngu hefði bannað alla þá ónytju margmælgis og særinga-svívirðu, er flutt var yfir brauðinu og víninu, heldur og líka með berum orðum aftekið í alla staði, að menn kölluðu nokkurn meðbræðra sinna drottinn eða gengju í musterin til þess að gjöra bæn sína þar, en skipað öllum að biðjast fyrir á afviknum stað, án alls oflætis; að hann hefði aftekið öll slík mustervis smíði, þar sem hann segðist vera kominn til þess að niðurbrjóta þau, því að hver og einn ætti að tilbiðja guð, ekki með háum höllum, heldur í anda og í sannleika; en umfram alla hluti, að hann hefði fyrirboðið ekki að eins það, að menn skyldu dæma menn, setja þá í myrkvastofu, ofþjaka þeim og myrða, eins og hér átti sér stað, heldur og einnig að menn mættu sýna nokkrum hinn allra minnsta ójöfnuð, því hann sagð-